



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG
HNAPPADALSSÝSLU
Stofnað 1922

Stjórnarfundur HSH

Þriðjudaginn 25.sept 2023

Fundur settur kl. 17.00.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Fundinn sátu: Berglind, Garðar, Kristinn, Laufey, Kristfríður og Gunnhildur

1. Dagbók framkvæmdarstjóra
 - a. *Gunnhildur fór yfir þau verkefni sem hún hefur verið að vinna að síðan hún var ráðin til starfa í júní. Ákveðið að á næsta fundi verði liður um næstu verkefni framkvæmdarstjóra. Einnig þarf að bæta við lið á dagskrá um fundi fram undan.*
2. Fundir með formönnum aðildarfélaganna.

Framkvæmdarstjóri fór yfir þá þætti sem hún telur mikilvægt að fara yfir á formannafundum aðildarfélaganna.

 - a. *Við erum hérað ekki félag, störfum fyrir aðildarfélögin en ekki þau fyrir okkur.*
 - b. *Ársskýrslur*
 - i. *Útbúa eitt ársreikningaform sem allir ættu að vinna með og skila af sér fyrir ársskýrsluna.*
 - ii. *Uppsetning skýrslunnar – leiðbeiningar til félaga hvað við viljum sjá í skýrslu aðildarfélaganna.*
 - c. *Umræða um Sportabler skýrsluskil. Það verður meira gagnsæi ef skýrsluskil fara í gegnum framkvæmdarstjóra HSH.*
 - d. *Félagatal – vantaði marga félagsmenn inn á félagatalið hjá þremur aðildarfélögum HSH.*
 - e. *Íþróttamanneskja ársins*
 - i. *Mikilvægt að aðildarfélög skili af sér greinargerð þar sem kemur fram í orðum rökstudd ákvörðun varðandi val á íþróttamanneskju ársins og hvaða árangri viðkomandi hefur náð á þann hátt að fólk sem ekki þekkir til geti áttað sig á raunverulegum árangri og styrkleika á landsvísu.*
3. Styrkveitingar HSH
 - a. *Garðar uppfærði styrkveitingar HSH í apríl 2023. Ákveðið að framkvæmdarstjóri fá það verkefni að útfæra styrkveitingarformið, setja upp umsóknareyðublað/form sem þarf að skila af sér til þess að sækja um styrk.*



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

- b. *Styrkveitingar fara í gegnum framkvæmdarstjóra sem samþykkir og greiðir út styrkveitingarnar samkvæmt reglugerð. Stærri styrkbeiðnir þurfa að vera samþykktar af stjórn HSH.*
 - c. *Mikilvægt að kynna þetta vel fyrir aðildarfélögum þegar þetta er klárt til þess að þeirra iðkenndur geti nýtt sér styrkina. H*
4. *Landsmót 50+ uppgjör*
 - a. *Gunnhildur fór yfir uppgjör varðandi landsmót 50+. Framkvæmdarstjóri UMFÍ talaði áður um að landsmótsstaður fengi 6.000.000 úr ríkissjóði. Aðeins 4.000.000 skiluðu sér. Stykkishólmsbær kom til móts við greiðslu á töflunni og var greiðslan lækkuð niður í 2.200.000. Mikilvægt að framkvæmdarstjóri HSH reyni að finna til styrkveitingar upp á 1.800.000 í gegnum sjóði hjá UMFÍ.*
5. *Staða fjármála*
 - a. *Garðar fór yfir stöðu reikninga HSH. Hversu mikið sé inni á reikningunum og hvað sé búið að vera að greiða.*
6. *Greiðslur v. aksturs*
 - a. *Garðar og Gunnhildur leggja til að greitt verði 60% af km gjaldi fyrir keyrslu á fundi fyrir stjórnarmenn. Þetta ætti að vera gert upp 2x á ári. Samþykkt einróma*
7. *Önnur mál*
 - a. *Snæfellsnessamstarfið: Góðar fréttir. Búið að mynda stjórn. Búið að ganga frá samningum við yfirþjálfara ásamt þjálfurum á öllum þremur stöðunum. Verið að búa til reglugerð.*
 - b. *Hugmynd frá framkvæmdarstjóra að ráða yfirþjálfara í frjálsum íþróttum innan HSH – hugmynd sem væri gaman að gera að veruleika.*
 - c. *Efla samstarfið á milli félaga eins og t.d. sund, handbolta og þess háttar.*
 - i. *Vangaveltur hvernig yrði þá með greiðslu fyrir börn sem ætla að æfa sitthvora íþróttina á sitthvorum staðnum.*
 - d. *HSH heimasíða – Heimasíðugerð í vinnslu í samstarfi við Hugarúnu Elisdóttir í Grundarfirði. Mikilvægt að setja tímatöflur deildanna, útbúa einhverskonar sameiginlega tómsbundatöflu fyrir iðkenndur HSH þar sem kemur fram það sem er í boði innan héraðsins.*
 - e. *Fundir með aðildarfélögum: Senda á stjórnina tímana á fundum með aðildarfélögum. Mikilvægt að þau sem geta gefið sér tíma til að mæta komi.*
 - f. *Sambandsþing UMFÍ í október. HSH á rétt á þremur þingfulltrúum, Kiddi, Garðar og Gunnhildur mæta á þingið.*
 - g. *Formannafundur ÍSÍ í nóvember. Kiddi og Gunnhildur mæta á þann fund.*



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG
HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

- h. Umræða um Víking/Reyni og Víking Ólafsvík. Hvaða möguleika sjá þau í því að koma fram með eitt félag.*

Fundi slitið kl. 19.05